



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 6. september 2024 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins og hófst kl. 08:30

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Erla María Lárusdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson og Ólafur Þór Ólafsson starfandi sveitarstjóri.

Oddviti stjórnaði fundi og starfandi sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Starfandi sveitarstjóri fór yfir þau málefni sem unnið hefur verið að á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

2. Spákonufellshöfði - timburstígur

Fyrir liggur efnistilboð frá Skógarafurðum ehf. í tengslum við gerð stígs um Spákonufellshöfða. Stígurinn er hluti af verkefninu Spákonufellshöfði aðgengi fyrir alla og er styrktur af Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum að staðfesta tilboð í timbur fyrir stíginn.

3. Menningar- og tómstundafulltrúi

Á síðasta sveitarstjórnarfundi var ákvörðun um ráðningu í starf menningar- og tómstundafulltrúa frestað. Lagt er til að falla frá ráðningu á grundvelli auglýsingar og að starfið verði auglýst að nýju með breyttum áherslum.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða með 5 atkvæðum.

4. Höfðaskóli

a. Starfsmannahald

Tekin fyrir beiðni skólastjóra Höfðaskóla um aukið stöðugildi vegna stuðnings. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum heimild til ráðningar í stuðningskennslu og vegna frístundar og vísar til gerðar viðauka við fjárhagsáætlun 2024.

b. Tækjabúnaður

Tekin fyrir beiðni skólastjóra Höfðaskóla um auka fjárveitingu til kaupa á kennslutækjum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum 300. þús. til tækjakaupa og vísar til gerðar viðauka við fjárhagsáætlun 2024.



5. Trúnaðarmál

Afgreiðsla sveitarstjórnar var bókuð í trúnaðarbók.

6. Fundargerðir:

a. Félags- og skólaþjónusta A. Hún. 16. ágúst 2024

Fundargerð lögð fram og samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum.

b. Stjórn Tónlistarskóla A-Hún. ársreikningur 2023, 19. ágúst 2024

Fundargerð ásamt ársreikningi lögð fram og samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum.

c. Stjórn SSSNV nr. 111, 20. ágúst 2024

Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra nr. 111 lögð fram til kynningar.

7. Önnur mál

Sveitarstjórn þakkar starfandi sveitarstjóra Ólafi Þór Ólafssyni gott starf og ánægjulegt og farsælt samstarf. Jafnframt er honum óskað velfarnaðar í komandi verkefnum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:40

Halldór Gunnar Ólafsson

Erla María Lárusdóttir

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Ólafur Þór Ólafsson